



ÁRSSKÝRSLA 2010

VEGVÍSIR - MARKMIÐ 2011

APRÍL 2011

Apríl 2011

Þekkingarnet Þingeyinga
Óli Halldórsson

Forsíðumyndir:

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

Efri v.: Starfsfólk og sumarstarfsmenn í Þekkingarsetrinu á Húsavík
Efri h.: Útskriftamemar í námsleiðinni Aftur í nám
Neðri v.: Frá fundi samráðshóps sjálfbærni-verkefnis í Mývatnssveit
Neðri h.: Frá matreiðslunámskeiði á Húsavík

FRÁ FORSTÖÐUMANNI	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI	7
SÍMENNTUNARSVIÐ	10
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT	16
HÁSKÓLANÁMSSVIÐ	18
RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ	21
ÚTGÁFA, KYNNING	26

FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Árið 2010 var viðburðaríkt að mörgu leyti fyrir Þekkingarnet Þingeyinga. Á ólgutímum í efnahagslífi þjóðarinnar undanfarin misseri hefur reynt töluvert á símenntunarmiðstöðvar og þekkingarsetur eins og aðra innviði í menntakerfi landsins. Aukið atvinnuleysi og almenn óvissa á atvinnumarkaði hefur kallað á ný og skjótvirk úrræði fyrir atvinnuleitendur og atvinnulífið og náði samstarf stöðkerfisins alls, þ.m.t. Vinnumálastofnunar og menntakerfis fullorðinna.

Eftir verulegan samdrátt í námsþátttöku á *símenntunarsviði* árið 2009 í kjölfar hrunsins efldist starfsemin mikið á árinu 2010. Eftirspurn jókst eftir styttri námskeiðum og öðrum uppbyggjandi styttri úrræðum víða um héraðið. Einnig náðist þrýðileg þátttaka í stærri og lengri hagnýtar og/eða einingabærar námsleiðir.

Á *háskólanámssviði* var starfsemi á árinu 2010 á heildina litið öflug líkt og var einnig árið 2009, og nýting námsmanna á þjónustu og aðstöðu Þekkingarnetsins með því mesta sem verið hefur til þessa. Fleiri háskólaþjálfarpróf voru tekin á vegum Þekkingarnetsins en áður hefur verið og nokkuð samfelld nýting var á námsaðstöðu Þekkingarnetsins allt árið.

Á *rannsóknasviði* var starfsemi með áþekkingu hætti og verið hefur. Grunnstarfsemin á sviðinu var svipuð og undangengin ár. Nokkrir háskólanemar voru fengnir til tímabundinna rannsóknaverkefna að sumarlagi, sem Þekkingarnetið vann svo nánar úr að vetri. Unnið var að nokkrum eigin rannsóknaverkefnum, sumum hverjum sem orðin eru að föstum árlegum verkum, s.s. samantekt íbúaþróunargagna fyrir héraðið. Þá gengu útseld ráðgjafarverkefni allvel á árinu, fyrst og fremst í sk. „sjálfbærni-verkefnum“ sem þú hefur unnið við undanfarin ár, en einnig í nýjum verkefnum á sviði stefnumótunar og fyrirtækjaráðgjafar.

Það eru töluverðir ólgutímar á starfssviðum Þekkingarnets Þingeyinga og líkur á að svo verði áfram á komandi misserum. Ytri aðstæður draga fram ríkari þörf á sterkum innviðum í fræðslu, upplýsingaöflun og þróunarvinnu í byggðum landsins en á sama tíma er uppi krafa um samdrátt í opinberum framlögum. Á undanföllum árum hefur tekjuhlutfall Þekkingarnets Þingeyinga tekið miklum breytingum. Á árinu 2010 var hlutfall opinberra fjárframlaga komið niður fyrir 50% heildartekna og stofnunin því orðin rekin að meirhluta af sjálfsafsláfi í formi útseldra verkefna og þjónustusamninga af ýmsu tagi. Að einhverju leyti má færa fyrir því rök að þessi breytta staða dragi úr stöðugleika í rekstri stofnunarinnar. Það er þó von og trú undirritaðs að á þeim tímum sem uppi eru núna muni breiður tekjugrunnur af þessu tagi treysta undirstöður stofnunarinnar og þá grunnþjónustu sem henni er ætlað að halda úti á ögrandi en áhugaverðum tímum.



Óli Halldórsson

Forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn og starfsfólk









Starfsmannahald	Áætlun 2010?	Niðurstaða 2010	Áætlun 2011?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	7	8,1	8
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	2	2,3	2
Stöðugildi að auki við tímabundin rannsóknaverkefni	1,2	0,5	1
Alls stöðugildi:	9,7	10,9	11

Stjórn og skipurit	2010	Áætlun 2011?
Mannabreytingar í stjórn	Tilnefningar endurnýjaðar til tveggja ára vorð 2010. Tvær breytingar gerðar á stjórn.	Ekki fyrir séðar breytingar 2011
Breytingar á skipuriti/stjórnun	Engar breytingar	Ekki fyrir séðar breytingar 2011

Skýringar
<p>Þrátt fyrir niðurskurð í fjárveitingum er gert ráð fyrir áþekku umfangi í starfsmannahaldi, þ.e. um 11 stöðugildum árið 2011. 8 föstum launþegum auk ígildis rúmlega þriggja stöðugilda í tímabundnum verkefnum. Unnið verður markvisst að eflingu tekjustofna á móti niðurskurði á árinu svo ekki þurfi að draga saman seglin í starfsemi á komandi ári.</p> <p>Stjórnarfólk þekkingarnetsins var tilnefnt til tveggja ára á árinu 2010. Því eru ekki fyrir séðar breytingar á stjórn fyrir en á árinu 2012.</p> <p>Á árinu 2011 verður áfram unnið eftir skipuriti þekkingarnetsins frá árinu 2006 (með síðari breytingum frá árinu 2010).</p>

Á árinu 2010 voru 14 launþegar hjá þekkingarsetrinu í 8,1 stöðugildum. Utan fastra heilsársstarfsmanna er töluvert um tímabundin störf við verkefni á vegum þekkingarnetsins við námskeiðakennslu og rannsókn- eða þróunarverkefni. Flest þessi verkefni tengjast rannsóknum að sumarlagi eða kennslu á veturna. Að öllu þessu töldu útheimti starfsemi þekkingarnets þingeyinga 10,9 stöðugildi á árinu 2010.

Fastráðnir starfsmenn þekkingarnets þingeyinga í árslok 2010:

	<p>Óli Halldórsson</p> <p>Forstöðumaður (100%)</p> <p>MA umhverfisfr., BA heimspeki, frhsk.kennari</p>		
	<p>Aðalsteinn J. Halldórsson</p> <p>Sérfræðingur rannsóknasvið, umsjón tæknimála (100%)</p> <p>BA stjórmmálafræði, MPA-í opinberri stjórnslu</p>		<p>Dóra Sigurbjörnsdóttir</p> <p>Húsumsjón og ræstingar (50%)</p>
	<p>Erla Dögg Ásgeirsdóttir</p> <p>Náms- og starfsráðgjafi (100%)</p> <p>BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgj., M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf</p>		<p>Guðlaug Gísladóttir</p> <p>Verkefnisstjóri rannsóknasvið (100%)</p> <p>MPM verkefnastjórnun, BS viðskiptafræði</p>
	<p>Guðrún Ósk Brynjarsdóttir</p> <p>Skrifstofustjóri (100%)</p> <p>Skrifstofustjóri/skólaritari frá V.Í.</p>		<p>Gréta Bergún Jóhannesdóttir</p> <p>Verkefnastjóri Mennta- setursins á Þórshöfn (100%)</p> <p>MA kynjafræði, BA fjölmíðlafræði</p>
	<p>Helena Eydís Ingólfssdóttir</p> <p>Sviðsstjóri símenntunar (100%)</p> <p>BEd kennari, MPA- nemi í opinberri stjórnslu</p>		

Í fullu starfi allt árið voru forstöðumaður, sviðsstjóri símenntunar, skrifstofustjóri, verkefnastjóri á rannsókn- og þróunarsviði, sérfræðingur á rannsókn- og þróunarsviði, og náms- og starfsráðgjafi. Verkefnastjóri Menntasetursins á Þórshöfn var í fullu starfi til vors en fór svo í fæðingarorlof til ársloka.

Eftirtaldir starfsmenn voru í tímabundu starfi hjá stofnuninni á árinu 2010:

- Heiðrún Óladóttir Verkefnastjóri, menntasetrinu á Þórshöfn
- Ingibjörg Árnadóttir Kennsla og ýmis störf á símenntunarsviði
- Signý Valdimarsdóttir Kennsla og ýmis störf á símenntunarsviði
- Sunna Ragnarsdóttir Rannsóknavinna sumarið 2010
- Andri Valur Ívarsson Rannsóknavinna sumarið 2010
- Hildur Ása Henrysd. Rannsóknavinna sumarið 2010
- Soffía Helgadóttir Ráðgjafavinna á rannsóknasviði ársbyrjun 2010


Á símenntunarsviði störfuðu tveir starfsmenn (Ingibjörg og Signý) í hálfu starfi við kennslu á haustmisseri auk þess sem verkefnisstjóri var ráðinn í afleysingar á Þórshöfn (Heiðrún). Þá voru þrjú starfsmenn ráðnir í 2-4 mánuði til verkefna á

rannsóknasviði (Sunna, Andri Valur og Soffía). Auk framangreindra kom nokkur fjöldi fólks til verktakakennslu á námskeiðum og námsleiðum eins og vant er.

Ekki urðu varanlegar breytingar á fóstum starfsmannahóp Þekkingarnets Þingeyinga á árinu 2010, en nokkuð um skammtímaráðningar og tímabundna verkefnavinnu eins og greint er frá að framan.

Skipulit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Starfsfólk Þekkingarnets hefur því í flestum tilvikum nokkuð vítt verkswið. Þrátt fyrir að fólk sé jafnan ráðið til starfa á ákveðnu sviði sérstaklega þá sinna flestir ýmsum verkefnum á öðrum sviðum jafnframt.



Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Breytingar urðu tvær á stjórn á árinu 2010. Hallur Reynisson sem sat fyrir framhaldsskóla í Þingeyjarsýslu (Framhaldsskólann á Laugum) fór úr stjórn og í hans stað var tilnefnd Dóra Ármannsdóttir kennari við Framhaldsskólann á Húsavík. Þessi breyting er samkvæmt samkomulagi milli framhaldsskólanna í héraðinu um að skiptast á að tilnefna stjórnarfólk. Þá var Rannveig Björnsdóttir tilnefnd í stað Hreiðars Valtýssonar fyrir Háskólann á Akureyri.



Frá aðalfundi Þekkingarnets Þingeyinga vorið 2010. Frá vinstri, Huld, Óli (forstm.), Rannveig, Hallur (úr stjórn 2010), Reinhard, Dóra (í stjórn 2010), Tryggvi, Margrét, Aðalsteinn. Á myndina vantar Rögnvald.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2010:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	•Reinhard Reynisson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	•Dóra Ármannsdóttir
Háskóli Íslands:	•Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	•Rannveig Björnsdóttir
Héraðsnefnd Þingeyinga:	•Tryggvi Finnsson
Norðurþing:	•Huld Aðalbjarnardóttir
Rannsóknastofnanir innan þþ:	•Margrét Hólm Valsdóttir
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	•Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2010:

- Aðalsteinn Árni Baldursson
- Huld Aðalbjarnardóttir
- Reinhard Reynisson

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu 2010 og framkvæmdaráð þrisvar. Alls voru því haldnir sjö fundir í stjórn og framkvæmdaráði.


HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

Húsnæði þp		2010	Markmið 2011
Staður	Hús	Aðstaða	
Húsavík	Hafnarstétt 3	400 fm aðalhúsnæði þp. Skrifstofur, námsver, kennslu- og fundarými, 2 fjarfundabúnaðir.	Breytingar á húsnæði : Kennslusal skipt í 2 minni stofur. Fjarfundabúnaður uppfærður og bætt við nýjum, alls verði 3 fjarfundabúnaðir á Hafnarstétt
	Hafnarstétt 1	Kennslu- og fyrirlestrarými innan Hvalasafnsins á Húsavík, 1 fjarfundabúnaður	Leigu sagt upp í Hvalasafni. Fjarfundabúnaður og kennsla færð í nýja minni stofu að Hafnarstétt 3.
	Skólahúsnæði og stakir salir	Kennsluáðstaða leigð í tímavís effir þörfum	Óbreytt
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 16	70 fm húsnæði deilt með Frhsk. á Laugum Skrifstofa, námsver, fjarfunda- og kennslurými.	Flutt verði í nýtt húsnæði að Langanesvegi 1, Þórshöfn
Raufarhöfn	Skrifstofa Norðurþings, Aðalbraut 2,	Fjarfunda- og próftökuáðstaða og nettenging	Leitað verði samstarfs við Norðurþing um rekstur námsvers í bættu starfsumhverfi/húsnæði.
Kópasker	Skrifstofa Norðurþings, Bakkagötu 10	Fjarfunda- og próftökuáðstaða og nettenging	Opnað verði nýtt námsver í grunnskólahúsinu á Kópaskeri í samstarfi við heimaaðila.
Laugar	Framhaldsskólinn á Laugum	Fjarfunda- og próftökuáðstaða og nettenging	Opnað verði nýtt námsver í húsmæðraskólanum á Laugum í samstarfi við heimaaðila.
Bárðardalur	Kiðagil skólabúðir	Fjarfunda-, náms- og próftökuáðstaða og nettenging	Óbreytt
Mývatnssveit	Grunnskólinn í Reykjahlíð	Fjarfunda- og próftökuáðstaða og nettenging	Leitað verði samstarfs við Skútu- staðahrepp um rekstur námsvers í bættu starfsumhverfi/húsnæði.
Skýringar:			
<p>Gert er ráð fyrir að höfuðstöðvar Þekkingarnetsins verði á komandi árum í núverandi húsnæði að Hafnarstétt 3 á Húsavík. Á árinu 2011 verður kennslusal skipt niður í tvö minni kennslurými og um leið hætt að leigja sal Hvalasafnsins á Húsavík fastri leigu. Ennfremur verður kennsluáðstaða leigð annars staðar á Húsavík effir þörfum.</p> <p>Menntasetrið á Þórshöfn verður starfrækt á árinu 2011 í sömu mynd, en gert er ráð fyrir að flutt verði í nýtt húsnæði að Langanesvegi 1, Þórshöfn.</p> <p>Áformað er að opna ný námsver með bættri vinnuáðstöðu í nýju húsnæði á Kópaskeri og á Laugum. Ennfremur verður á árinu 2011 leitað formlega samstarfs við sveitarfélög í héraðinu um bættu aðstöðu og þjónustu fyrir námsmenn. Starfsstöðvar með fjarfundaáðstöðu og nettengingu verða starfræktar áfram á öðrum stöðum í Þingeyjarsýslu með óbreyttum hætti.</p> <p>Við þjónustu við fjarnema og námskeiðarekstur í dreifbýli og um héraðið verður áfram byggt á samstarfi og leigusamkomulagi við grunnskóla/sveitarfélög og stéttarfélagin um húsnæðiskost.</p>			

Starfssvæði

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Breyting varð á svæðinu á árinu 2009 þegar þjónusta við Bakkafjarðarsvæðið færðist frá Þekkingarneti Austurlands til Þekkingarnets Þingeyinga. Þessi breyting varð eftir sameiningu sveitarfélaganna Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps í Langanesbyggð og að ósk hins nýja sveitarfélags. Starfssvæði ÞÞ er stórt að flatarmáli og nær yfir sjö sveitarfélög. Það er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.

Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð hamlandi á veturna. Þá eru almenningssamgöngur innan svæðisins í lágmarki, bæði flug og rútur. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 300 km. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440 km² eða 18% landsins.




Starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga.

Rauðir punktar sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Þórshöfn) og gulu punktarnir þjónustustaði þar sem boðin er grunnþjónusta við nemendur (Kíðagil, Laugar, Mývatnssveit, Kópasker, Raufarhöfn).

Netverk símenntunarstöðva á Íslandi.

Þekkingarnet Þingeyinga er hluti af öflugum neti svæðisbundinna símenntunarstöðva sem ná yfir allt landið. Myndin sýnir höfuðstöðvar símenntunarstöðva innan samtakanna Kvasis. Rauðir punktar merkja höfuðstöðvar og bláir aðra þjónustustaði.



Húsnæði og aðstaða


Á árinu 2010 var meginstarfsstöð þekkingarnets þingeyinga að Hafnarstétt 3 á Húsavík, en þangað flutti stofnunin í árslok 2008. Um er að ræða uppgert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400 m². Húsið hentar afar vel undir starfsemi þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir 17 starfsmenn, kennslusalur, fundaherbergi, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis. Þekkingarsetrið framleigir hluta húsnæðisins til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu.



Húsnæði þekkingarnetsins að Hafnarstétt 3 á Húsavík sumarið 2010.

SÍMENNTUNARSVIÐ

Markmið 2011	símenntunarsviðs 2010-	Áætlun fyrir 2010	Niðurstaða 2010	Áætlun 2011
Fjöldi almennra námskeiða á svæði þþ		45	57	65
Fjöldi námsleiða (vottaðar námsleiðir FA):		5	4	6
Fjöldi kenndra stunda:		1.200	1.602	1.700
Fjöldi kenndra nemendastunda:		12.000	14.404	16.000
Þátttakendur		400	657	700



Kynjahlutfall - símenntun

Kynjahlutfall námskeiðspáttakenda árið 2010. Hlutfall karla hefur aðeins aukist frá árinu 2009 (21%) þó þeir nái enn ekki sama hlutfalli og 2008 (29%). Hlutfallið á milli kynjanna er annars líkt því sem þekktist við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er verulega hærra en karla.

Áherslur

Árið 2009 varð áherslubreyting í starfsemi Þekkingarnetsins, með aukinni áherslu á námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og starfstengt nám. Árið 2010 var haldið áfram að vinna samkvæmt þessum áherslum og stefnt að kennslu 5 námsleiða á árinu, eða nokkuð umfram það sem verið hefur. Til að fylgja þeim betur eftir voru ráðnir tveir starfsmenn í hlutastarf við kennslu og kynningarstarf. Þrátt fyrir mikla yfirlegu náðist ekki þátttaka í allar leiðirnar á árinu 2010. Sú breyting varð hins vegar að stutt handverks- og handavinnunámskeið urðu vinsælli á ný eftir að hafa legið í dvála undanfarin misseri. Sömuleiðis hefur verið ásókn í ýmis matreiðslunámskeið. Eftir mikinn samdrátt í námskeiðahaldi árið 2009 virðist það vera aftur á uppleið á flestum stöðum á starfssvæði Þekkingarnetsins.



Lífið er saltfiskur – matreiðslunámskeið á Húsavík 2010

Árið 2010 var fyrsta heila starfsár Menntasetursins á Þórshöfn og er óhætt að segja að starfsemin hafi gengið vel fyrir sig. Vel gekk að koma af stað námskeiðum á Þórshöfn og tókst að kenna eina námsleið FA þar. Ekki gekk eins vel að ná þátttöku í nágrennabyggðalögum Þórshafnar en áhersla verður lögð á að efla starfsemi þar á komandi ári.

Við skipulagningu námskeiða og námsleiða er stuðst við greiningu á námsþörfum íbúa á svæðinu. Þær upplýsingar sem þar liggja til grundvallar eru t.d. upplýsingar úr náms- og starfsráðgjafaviðtölum, niðurstöður úr námskeiðsmati á þeim námskeiðum sem haldin hafa verið, óskir og fyrirspurnir íbúa á svæðinu bæði úr fyrirtækjaheimsóknum, símtölum og tölvupósti. Auk þess sem horft er til þess sem er að gerast annars staðar á landinu eða jafnvel erlendis og nýtur vinsælda.

Samstarf og þróunarvinna

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarsetrið hefur átt slíkt samstarf á árinu. Eitt af verkefnum Kvasis á árinu 2010 var að útbúa stefnu Kvasis í innflytjendamálum. Þeirri vinnu tókst ekki að ljúka á árinu 2010 en hefur nú verið lokið og er komið að kynningu hennar.

Upp úr þessu samstarfi kviknaði sú hugmynd að útbúa gagnabanka fyrir samfélagsfræðslu fyrir útlendinga. Þekkingarnet Þingeyinga hefur kom að stjórn og vinnslu þess verkefnis ásamt starfsmönnum frá Þekkingarneti Austurlands og Símeý. Áætlað er að gagnabankinn verði tilbúinn á fyrri hluta ársins 2011.

Námsleiðir FA

Á vorönn voru kenndar þrjár námsleiðir FA. Á Húsavík voru það *Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum* (300 kest.), 5 af 10 þátttakendum luku þeirri leið og *Skrifstofuskólinn* (240 kest.), þar sem 8 þátttakendur af 10 voru brautskráðir. Á Þórshöfn var námsleiðin *Fjölverkjar* (170 kest.) kennd í samstarfi við Hraðfrystistöð

Þórshafnar, 8 þátttakendur af 8 luku þeirri leið. Allar þessar leiðir eru kenndar samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Á haustönn var námsleiðin *Aftur í nám* (95 kest.). Alls luku 14 þátttakendur þeirri námsleið. Ekki tókst að koma fleiri námsleiðum af stað þrátt fyrir mikla vinnu og viðleitni til þess. Fólk virtist ekki vera tilbúið til að taka þátt í lengri námskeiðum sem boðið var upp á.



Nemendahópur í námsleið FA, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum, Húsavík 2010

Námskeið

Eftir mikinn samdrátt í þátttöku í hefðbundnu námskeiðahaldi á árinu 2009 og minni eftirspurn fór leiðin aftur að liggja upp á við. Ætla má að starfsemi Menntasetursins hafi haft með það að gera að hluta til og sömuleiðis breytt framboð á námskeiðum þ.e. meira af námskeiðum sem tóku stuttan tíma t.d. 1-2 kvöld.


Miklum tíma var áfram varið á árinu 2010 í að ná til atvinnuleitenda. Ýmis úrræði voru þróuð og kynnt, m.a. í tengslum við áttak Vinnumálastofnunar *Ungt fólk til athafna* sem hófst í ársbyrjun. Töluverðir annmarkar hafa hins vegar reynst á því að koma fjölþættum úrræðum Þekkingarsetursins og annarra símenntunarstöðva til atvinnulausra. Þar ræður mest stjórnýsla og starfsemi Vinnumálastofnunar á starfssvæði Þekkingarnetsins.




Blómaskreytinganámskeið, Þórshöfn 2010




Smíðanámskeið í samstarfi við Fjölmennt, Húsavík 2010

Námskeiðahald effir stöðum

Fjöldi námskeiða effir stöðum



Þátttakendur effir stöðum



Hlutfall íbúa effir stöðum (18-67 ára)

Námskeið haldin 2010

Staður	Námskeið	Kennslustunda- fjöldi	Þátttakenda- fjöldi
Bakkafjörður – vor	Silkilitun		4
Bakkafjörður – haust	Brauðbakstur	4,5	5
	Jólasmiðja - skartgripagerð		8
	Tölvu- og upplýsingaleikni	30	6
Húsavík – vor	Nám og þjálfun	300	5
	30 daga hreinsun á mataræði	4,5	41
	Áhættumat á vinnustað	6	7
	Digital ljósmyndun í dagsins önn	10	11
	Íslenska I A 30 kest. Húsavík	30	10
	Lífið er saltfiskur, Húsavík	9	10
	Lífið er saltfiskur, Húsavík	9	4
	Skrifstofuskólinn, Húsavík	240	8
	Skyndihjálp, Húsavík /Grænuvellir	6	35
	Vélgæsla, Húsavík	84	10
	Vinnuvélaréttindi / frumnámskeið, Húsavík	30	11
	Zumba- þrekkdans, Húsavík	24	13
Húsavík - haust	Aftur í nám	95	14
	Bókhaldsnámskeið	30	6
	GDMSS ROC	85	10
	Íslenska 1B 30 kest	30	13
	Íslenska 2A	30	15
	Jólamiðja - heklaðar þjöllur	3	21
	Myndlistanámskeið	30	6
	Saumanámskeið	15	10
	Sykurmassanámskeið	3	11
	Zumba 1	24	18
	Fjölmennt – Smíðar	18	4
	Tæpitungulaust – Gunnar og Jónína	3	32
	Tæpitungulaust – Draumar	3	14
	Tæpitungulaust – Saga þungarokksins	3	36
Kópasker – vor	Fleygðu flísínu	5	9
Kópasker – haust	30 daga hreinsun á mataræði	4,5	18
	Hláturjoga með jákvæðu styrkjandi ívafi	5	13

	Jólasmiðja – heklaðar bjöllur	3	4
Þingeyjarsveit – vor	Rúðumynstur – krosssaumur	9	7
Þingeyjarsveit – haust	Jólasmiðja – konfektgerð	3	9
	Jólasmiðja – sykurmassagerð	3	16
Mývatn – vor	Skyndihjálp – Reykjahlíðarskóli	6	17
	Sálræn skyndihjálp – Reykjahlíðarskóli	6	17
Mývatn – haust	Förðun og handsnyrting	5	6
	Jólasmiðja – konfektgerð	3	8
Raufarhöfn – vor	Badminton/Tennis	10	12
Raufarhöfn – haust	Silfursmiði	12	7
	Tölvu- og upplýsingatækni	30	4
Þórshöfn – vor	Digital ljósmyndun í dagsins önn	10	5
	Fjölverkjar	170	8
	Garðurinn minn	3	5
	Íslenska II	60	13
	Vistvæn orka	12	10
Þórshöfn – haust	Hakk – rússneskt hekl	9	13
	Hlaupanámskeið	17	8
	Jólasmiðja – jólakransar	3	8
	Leiklistarnámskeið	18	10
	Skartgripagerð	3	12
	Skriðsundsnámskeið	15	10
	Tölvur fyrir eldri borgara	12	6
	Þráðarleggur	3	4
Fjöldi alls:	57	1602	657

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, RAUNFÆRNIMAT

Markmið í náms- og starfsrágjöf 2010-2011	Áætlun fyrir 2010	Niðurstaða 2010	Áætlun fyrir 2011
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	332	342*	407

*342 einstaklingar komu í viðtöl og þar af komu 144 þeirra í endurkomuviðtöl.


Ráðgjöf

Verkefnið *Þitt val – þín leið* í náms- og starfsráðgjöf fór af stað í september árið 2006 hjá Þekkingarneti Þingeyinga í kjölfar samninga við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins. Á árinu var lögð stóruáhersla á ráðgjöf og reyndist eftirspurn eða þörf hafa aukist verulega frá því sem áður var. Ráða þar mest breyttar samfélags- og efnahagsaðstæður þjóðarinnar.

Á árinu 2010 hélt námsráðgjafi 21 kynningu þar sem náms- og starfsráðgjöf var kynnt með formlegum hætti. Á kynningarnar komu 247 einstaklingar, 70 þáðu hópráðgjöf og í kjölfarið skráði 51 einstaklingur sig í viðtal. Mikil aukning var á einstaklingum sem komu að eigin frumkvæði í viðtal eða 221 einstaklingur og hefur þeim fjölgað um tæplega helming frá árinu áður. Heildarfjöldi viðtala á árinu 2010 var því 342 viðtöl og af þessum 342 einstaklingum sem komu í viðtöl frá 1. janúar - 31. desember komu 144 einstaklingar í endurkomuviðtöl.


Á vormánuðum 2010 varð aukning viðtala við einstaklinga sem eru í atvinnuleit. Eins og áður hefur komið fram var gerður samningur við Vinnumálastofnun um ráðgjöf við einstaklinga í atvinnuleit og hófst verkefnið í lok nóvember 2009 á starfssvæði Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra og var samningurinn endurskoðaður og framlengdur í júní 2010. Á þessu tímabili hefur náms- og starfsráðgjafi Þekkingarnets Þingeyinga unnið náið með ráðgjafa Vinnumálastofnunar og eru atvinnuleitendur boðaðir í viðtöl með reglulegu millibili á starfssvæði stofnananna.

Hér fyrir neðan má sjá kynja- og aldurshlutfall þeirra sem komu í ráðgjöf á árinu 2010:



Kynjahlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Hlutfall karla í ráðgjöf hefur aukist milli ára. Árið 2009 voru 28% ráðþega karlmenn en árið 2010 eru þeir 45%. Helsta skýringin á þessari aukningu karlmannna í ráðgjöf er þátttaka þeirra í raunfærnimatsverkefnum í iðngreinum og fjölda karlmannna í atvinnuleit.



Aldurshlutfall í náms- og starfsráðgjöf

Undanfarin ár hafa flestir ráðþegar verið að koma úr aldurshópnum 41 árs og eldri eða um 42% árið 2008 og 36% árið 2009. Þróunin undanfarið hefur hins vegar orðið sú að fjölgað hefur verulega í aldurshópnum 25 ára og yngri en það var sá hópur sem sótti minnst ráðgjöf árið 2009. Þessa aukningu á ungu fólki í ráðgjöf má helst skýra með auknu atvinnuleysi hjá þessum hópi.

Raunfærnimat

Náms- og starfsráðgjafi Þekkingarnetsins hefur umsjón með raunfærnimati og verkefnum sem því tengjast á vegum stofnunarinnar. Töluverð aukning hefur orðið á viðtölum er snúa að raunfærni og raunfærnimati á síðustu tveimur árum.

Árið 2010 tók Þekkingarnet Þingeyinga þátt í raunfærnimatsverkefni með Símei á Akureyri og Iðunni Fræðsluseturs í Reykjavík. Verkefnið fólst í því að bjóða upp á raunfærnimat í iðngreinum á starfssvæði Þekkingarnetsins. Verkefnið tókst vel en 9 manns tóku þátt í verkefninu sem ennþá stendur yfir.

Gera má ráð fyrir aukningu viðtala á þessu sviði á árinu 2011 þar sem styrkur hefur fengist í raunfærnimatsverkefni í iðngreinum.

HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

Markmið 2010	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2011
Háskólanámsver á Húsavík rekið áfram með sólarhringsaðgangi og mannaðri þjónustu við fjarnema á dagvinnutíma.	Já	Tengiliður settur við háskólanema sem sér um tækniaðstoð og önnur praktísk mál á dagvinnutíma.	Háskólanámsver á Húsavík rekið með sama hætti og sömu þjónustu og verið hefur.
Háskólanámsver verði rekið áfram innan Menntasetursins á Þórshöfn með sólarhringsaðgangi og mannaðri þjónustu við fjarnema á dagvinnutíma.	Já	Menntasetrið lauk fyrsta heila starfsári 2010. Þjónusta við háskólanema með sama hætti og á Húsavík, þó húsnæðis-aðstaða hafi verið takmörkuð.	Aðstaða verði bætt í námsveri Menntasetursins á Þórshöfn í nýju húsnæði haustið 2011. Þjónusta verði sambærileg við það sem er á Húsavík.
Áfram verði námsver á Húsavík og Þórshöfn nýtt til þjónustu fyrir nema í símenntun og eldri nema í framhaldsskólanámi í samstarfi við framhaldsskóla héraðsins.	Já	Samstarf var mikið á árinu við framhaldsskóla héraðsins (FL og FSH), m.a. um samnýtingu námsvera.	Samstarf verði aukið við framhaldsskóla héraðsins og leitað eftir samkomulagi um samstarf og verkaskipti á sviði fræðslukosta fyrir fullorðna.
Þróaðir verði og mótaðir frekar samstarfsfarvegir þekkingarsetursins og framhaldsskóla héraðsins. Stefnt verði að samnýtingu starfsfólks eftir þörfum og einnig horft til samnýtingar aðstöðu til náms.	Já	Samstarf var haft við FSH um nýtingu starfskrafta kennara í námsleiðir þþ. Undirbúningur hafinn að öngum nýs námsvers á Laugum í sastarfi við FL o.fl.	Þjónustavið háskólanema í dreifðari byggðum verði eflað. Opnuð verði ný námsver á Kópaskeri og á Laugum á árinu. Ennfremur verði óskað eftir samstarfi við sveitarfélög um námsver á Raufarhöfn og í Mývatnssveit.
Háskólanemum verði boðin og kynnt námsráðgjöf með markvissum hætti.	Já	Námsráðgjöf auglýst fyrir háskólanema, m.a. með útgáfu háskólanámsbæklings vorið 2010. Fjöldmörg ráðgjafarviðtöl háskólanema á árinu.	Námsráðgjöf fyrir háskólanema verði auglýst og kynnt sérstaklega, m.a. stefnt að útgáfu kynningarblaðs fyrir háskólanema.
Próftöku nema úr öllum háskólum verði sinnt í helstu þéttbýliskjörnum svæðisins, án gjaldtöku.	Já	Prófumsýsla fjarnema boðin fjarnemum um alla sýslu.	Leitað verði samstarfs við setur sem sinna fjarprófum um land allt. Settar verði prófareglur fyrir þþ og eftir atvikum reynt að ná samstöðu um sameiginlegar fjarprófareglur á landsvísi.
Námsþjónusta fyrir háskólanema í fjarnámi verði rekin áfram í Menntasetrinu á Þórshöfn. Haldið verði samfelli í starfinu strax frá hausti 2010 þrátt fyrir fyrirséð fæðingarorlof fastráðins starfsmanns að vori 2010.	Já	Menntasetrið á Þórshöfn rekið allt árið 2010. Afleysingastarfsmaður ráðinn í stað verkefnisstjóra vorið 2010.	
Háskóla-kennslu frá starfssvæði þþ til háskólanna verði áframhaldið og hún eftir atvikum aukin. Leitað verði leiða til að nýta starfskrafta innan og utan þþ til kennslu í háskólum landsins.	Já/nei	Forstöðumaður kennir fasta kennslu við Háskólann á Akureyri á vegum þekkingarnetsins. Umleitan um frekari kennslu á háskólastigi bar ekki árangur.	Endurnýjaðir verði fjarfundabúnaðir þannig að hægt verði að senda kennslugögn (og kenna) frá Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópaskeri.

Námsver og þjónusta

Þekkingarnet Þingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla, og eftir atvikum annarra skóla, á starfssvæði sínu. Það þýðir að háskólanemar sem búsettir eru við Mývatn, á Kópaskeri, á Húsavík og öðrum stöðum héraðsins hafa allir sinn sama farveg til fjarnámsþjónustu í sínu héraði í gegnum Þekkingarnetið. Árið 2010 var fyrsta heila starfsár Menntasetursins á Þórshöfn, en setrið var opnað árið 2009. Bæði á Húsavík og á Þórshöfn er því boðin víðtæk þjónusta með mönnum námsveri, ráðgjöf og stuðningi auk fjarfundaaðstöðu og prófaaðstöðu. Annars staðar í héraðinu er fyrst og fremst um prófaumsjón að ræða og miðlun náms í gegnum fjarfundabúnaði, en Þekkingarsetrið hefur alls fimm slíka þjónustustaði utan Húsavíkur og Þórshafnar þar sem áður nefndar mannaðar starfsstöðvar eru reknar. Á árinu 2010 hafði Þekkingarnetið frumkvæði að samráði milli nokkurra hagsmunaaðila í þéttbýlistöðum í héraðinu með það í huga að mynda samreka þjónustukjarna sem m.a. gætu innifalið rekstur námsvera þþ. M.a. voru slíkar hugmyndir kynntar Skútustaðahreppi vegna Mývatnssveitar og Norðurþingi vegna Kópaskers. Ekki náðist að ljúka þessum málum á árinu 2010, en góðar líkur eru á að það náist að kynna nýjar lausnir í þjónustu við námsmenn á þessum stöðum á árinu 2011.


Háskólanámsverið á Húsavík var rekið með ókeypis hætti og árin áður í húsnæðinu á Hafnarstétt 3. Þekkingarsetrið hélt þeirri stefnu sinni að taka ekki gjald af háskólanemum utan kostnaðargjalds fyrir prentun og ljósritun. Með sama hætti og sömu formerkjum var námsverið í Menntasetrinu á Þórshöfn á haustmánuðum eftir að það fór af stað, en í öðrum stærðarskala þar sem um er að ræða minna húsnæði.



Háskólanámsver Þekkingarnetsins á Húsavík

Þekkingarnetið tekur að sér prófaumsjón og -yfirsetu fyrir alla skóla og nema sem þess óska hvar sem er innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Á árinu 2010 voru tekin 213 fjarpróf á 5 stöðum í héraðinu frá alls 11 skólum á vegum Þekkingarnetsins.

Sem fyrr hafa háskólanámsverið og -þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna innan Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag.



Háskólakennsla

Forstöðumaður hefur undanfarin ár haft umsjón með og kennt námskeið við Háskólann á Akureyri. Um er að ræða námskeiðið USK1103 sem er skyldunámskeið um mat á umhverfisáhrifum og skipulag á þriðja ári í umhverfis- og orkufræði.

Á haustmisseri var áframhald á notkun á fjarfundabúnuðum til kennslu frá Húsavík til háskólanna. Fyrir utan fyrrnefnda reglulega kennslu forstöðumanns við Háskólann á Akureyri var búnaður nýttur til fjarfundakennslu frá Húsavík á bæði vor- og haustmisseri 2010. Ekki var þó á árinu 2010 um að ræða slíka kennslu á vegum starfsfólks Þekkingarnetsins, heldur gestkomandi eða samstarfsstofnana. Það er stefna Þekkingarnetsins að auka nýtingu fjarfundabúnaða með þessum hætti og nýta þannig sérhæfða starfskrafta innan stofnunarinnar og utan á starfssvæði setursins til kennslu í háskólum landsins. Með þeim hætti má snúa hefðbundinni hugsun um fjarnám við og gera háskólakennslu af landsbyggðinni mögulega í auknum mæli.

RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Markmið 2010	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2011
Áfram verði haldið úti a.m.k. 1 stöðugildi sérfræðings í fullu starfi á rannsókn- og þróunarsviði sem sinni verkefnaöflun og umsjón rannsóknaverkefna.	Já	Á árinu 2010 voru þrír starfsmenn auk forstöðumanns sem unnu á rannsóknasviði. Allir í ákveðnum föstum verkefnum samhliða almennum störfum á rannsóknasviði (umsjón sjálfbærni- og tæknimála og Menntaseturs á Þórshöfn).	Starfsmannahald á rannsóknasviði verði ekki skert á árinu. Aukinn verði vinnutími sem lagður er í verkefna- og tekjuöflun.
Staðið verði fyrir a.m.k. þremur rannsóknaverkefnum háskólanema á árinu.	Já	4 rannsóknaverkefni voru unnin á árinu 2010 í samstarfi við háskólanema.	Staðið verði fyrir 5 rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.
Seld verði sérfræðivinna sem nemur stöðugildi sérfræðings til sjálfbærni- og Landsvirkjunar, Alcoa og Landsnet skv. samstarfssamningi.	Já	Samningi við eigendur sjálfbærni- og Landsvirkjunar á árinu 2010. Minni vinna seld í Norðurverkefni en áður vegna óvissu í verkefni að hálfu verkkaupa.	Seld verði sérfræðivinna við sk. „sjálfbærni- og Landsvirkjunar“ sem kosti stöðugildi sérfræðings á rannsóknasviði.
Leitað verði eftir þátttöku í fjármögnun (m) alþjóðlegum rannsókn- og þróunarverkefni(-um) sem dregið geta samstarfsaðila, hugmyndir og fjármagn inn á starfssvæði þekkingarnetsins.	Já	NEED-verkefninu lauk á árinu 2010, en þá hefur séð um verkefnisstjórn á norðursvæði. Í árslok 2010 hófst vinna við verkefnaleit í alþjóðaverkefnum. Hafði ekki skilað verkefnum í árslok.	Lögd verði vinna á rannsóknasviði í umsóknir og tengslamyndun í alþjóðaverkefnum. Horft til rannsókn- og þróunarverkefna í tengslum við norræna sjóði og sjóði EB.
Forganga verði höfð um samstarf stofnana á þekkingarsviði á starfssvæði þekkingarnetsins. Myndaðir verði farvegir til slíks samstarfs við rannsókn-, fræðslu- og nýsköpunargeirann.	Já	Þá leiðir samstarf stofnana innan veggja húsnæðis að Hafnarstétt 3. Á árinu 2010 hafði þá forgöngu um samráðsfundi með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og Impru. Stefnt að skilgreiningu samstarfs og verkaskiptum.	Áhersla verði lögð á frumkvæði þá að þróunar- og samstarfsverkefnum stofnana í héraði. Áhersla á verkefni sem nýtast á starfssviði þá og/eða sérþekking þá nýtist öðrum.
Komið verði á reglulegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og hagþróun á starfssvæði þekkingarnetsins. Gefin verði út mannfjöldaskýrsla fyrir hluta árs 2010.	Já	Íbúápróunarskýrsla gefin út og kynnt fyrir hluta árs. Eitt sumarverkefna snýr að greiningu á svæðisbundnum efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu.	Árlegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði þá verði haldið áfram.
Komið verði á fyrirlestraröð með mánaðarlegum fyrirlestrum á vegum þekkingarnetsins frá hausti 2010	Já	Fyrirlestraröðinni „Tæpitungulaust“ komið á legg á haustmánuðum 2010. Mánaðarlegir fyrirlestrar fyrir almenning.	Lögd verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna úr rannsóknum þá, bæði innan héraðs og utan, með þátttöku í málþingum, ráðstefnum, greinarskrifum o.fl.

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- *Rannsóknþjónusta*; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstoða fyrir rannsakendur í Þingeyjarsýslu.
- *Eigin rannsóknar-* og þróunarverkefni Þekkingarnetsins.
- *Útseld rannsóknar- og ráðgjafarvinna* starfsfólks Þekkingarnetsins.
- *Rannsóknaverkefni* sem unnin eru í samstarfi við háskólanema og tengjast starfssvæðinu.
- Samstarf við aðrar stofnanir um ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við menntamálaráðuneytið að þjónusta vísinda- og fræðastarf í Þingeyjarsýslum. Þannig er lögð áhersla á að hýsa rannsakendur og aðstoða þá sem sinna rannsóknum í Þingeyjarsýslum með margvíslegum hætti. Veitt er slík þjónusta í formi aðgangs að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf. Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- Starfsfólk rannsóknastofnana
- Rannsakendur á vegum háskóla á Íslandi
- Námsmenn í rannsóknaverkefnum
- Sjálfstæðir rannsakendur (Íslenskir og erlendir)

Eigin verkefni Þekkingarnetsins

Þekkingarnetið hefur samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti og skipulagsskrá ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi í héraðinu með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum. Eitt af því sem stofnunin gerir árlega í þessum anda er að taka saman og birta í skýrslu tölur yfir mannfjöldapróun í héraðinu.

Lokaskýrsla Búsetugæða-rannsóknar þp frá árunum 2008 og 2009 var gefin út í ársbyrjun 2010 og fylgt eftir með kynningum í héraði.

Árið 2010 var síðasta ár hins svokallaða NEED-verkefnis (Northern Environmental Education Development). Þar var um að ræða alþjóðlegt þróunarverkefni sem fór af stað á árinu 2008. Verkefnið var fjármagnað með NPP (Northern Periphery) styrkveitingu og var stýrt héraðs af Háskólasetri H.Í. á Höfn í Hornafirði. Þekkingarnetið fór fyrir hópi aðila á Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, en þjóðgarðurinn var starfssvæði verkefnisins. Svæðisfundir voru haldnir á Húsavík. NEED verkefnið skildi eftir sig um 3 m.kr. í fjárveitingum til einstakra fræðsluverkefna í héraðinu, m.a. í Ásbyrgi og Bárðardal.



Ein afurðin af NEED-verkefninu í Þingeyjarsýslum var svokallaður „Fræðsluskjálfti“. Á myndinni sést Hólmfríður Halldórsdóttir starymaður Skjálftafélagsins á Kópaskeri fræða grunnskólabörn um jarðskjálfta og jarðfræði við Öxarfjörð.

Á árinu 2010 var kosið til sveitarstjórna og stóð þekkingarnetið fyrir skoðanakönnun í tilefni af því. Stofnunin hefur áður gert þetta, en fyrirtæki og stofnanir hafa ekki sinnt þessu á starfssvæðinu undanfarin ár og því hefur þekkingarnetið staðið fyrir þessu.

Rannsóknar/-þróunarverkefni	Lýsing	Starfsmaður/umsjón
Mannfjöldapróun á starfssvæði þekkingarnetsins	Samantekt um þróun íbúafjölda á árinu 2010	Aðalsteinn J. Halldórsson
Sjálfbærni-verkefni	Vöktun á áhrifum iðnaðar og orkuöflunar. Alcoa, Landsvirkjun, Landsnet	Guðlaug Gísladóttir
NEED-verkefnið	NPP-verkefni. Háskólasetrið á Höfn, alþjóðlegt samstarfsnet (Írland, Noregur, Finnland)	Óli Halldórsson
Búsetugæði á Norðausturlandi	Mæling á viðhorfum íbúa í Þingeyjarsýslu til lífsgæða og búsetuskilyrða.	Aðalsteinn J. Halldórsson Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Árbók Þingeyinga: Fréttir úr héraði 1958-2008	Samfélagsþróun í Þingeyjarsýslum - Úttekt á mælanlegum þáttum Árbókarinnar í 60 ár	Tinna Þórarinsdóttir
Viðhorfskönnun í Norðurþingi 2010 vegna sveitarstjórnarkosninga	Könnun á fylgi framboðanna	Aðalsteinn J. Halldórsson

Útseld rannsókna- og ráðgjafavinna

Sala á sérfræðivinnu hefur farið vaxandi undanfarin ár. Á árinu 2010 vann þþ að nokkrum útseldum verkefnum við ráðgjöf, stefnumótun og úttektir.

Sjálfbærni-verkefni

Eins og á síðasta ári var útsala sérfræðivinnu samkvæmt samningi um svokölluð „sjálfbærni-verkefni“ fyrirferðarmest. Sjálfbærni-verkefni eru samstarfsverkefni með Landsvirkjun, Alcoa og Landsneti sem staðið hafa frá árinu 2008. Um er að ræða umsjón og utanumhald tveggja aðskilinna en þó nátengdra verkefna um þróun sjálfbærnisá-/mælikvarða við uppbyggingu og rekstur orkuöflunar og iðnaðar á Norðausturlandi og Austurlandi. Starfsmaður (Guðlaug Gísladóttir) var í verkefninu á árinu 2010 í ríflega hálfu stöðugildi.

Nýr sjálfbærni-verkefni, sem



Frá fundi samráðshóps í sjálfbærni-verkefninu á Norðurlandi á Hótel Reyhliði í Mývatnssveit.

er sameiginlegur fyrir verkefni á Austur- og Norðurlandi, var opnaður á árinu 2010. Mikið átaksvirk fólst í að koma nýja vefnum í loftið auk þess sem mikill þungi var settur í að koma á virkni við mælingar, vöktun og úrvinnslu upplýsinga á sjálfbærnisvísu. Sjálfbærni- og Norðurlandsverkefnið. Nýr stýrihópur fyrir Austurlandsverkefnið tók til starfa og voru þrjú stýrihópsfundir haldnar á árinu. Einn samráðsfundur var haldinn á Austurlandi, en ekki hafði verið haldinn samráðsfundur í verkefninu frá árinu 2005. Norðurlandsverkefnið var í töluverðum hæggangi, enda mikil óvissa varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Norð-Austurlandi. Tveir stýrihópsfundir voru haldnar auk eins samráðsfundar, sem var haldinn í tengslum við kynningu á sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum. Gríðarlega mikil úrvinnsla fylgir samráðsfundum og voru niðurstöður fundanna settar fram í skýrslum sem aðgengilegar eru á vef verkefnisins www.sjalbfaemi.is.

Stefnumótunarvinna

Á árinu 2010 sinnti þekkingarnetið nýrri tegund ráðgjafarvinnu, en hún fólst í að vinna stefnumótun og innleiðingaráætlun stefnu fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Vinnan heppnaðist vel og í framhaldinu hófst vinna við áætlun og framkvæmd innleiðingar stefnunnar. Í kjölfar þessarar vinnu hefur verið ákveðið að leggja aukna áherslu á þessa tegund ráðgjafarvinnu sem vonandi mun skila fleiri verkefnum á árinu 2011.

Ráðgjöf og úttektir fyrir sveitarfélög

Á árinu 2010 var útseld sérfræðivinna við úttekt á samstarfi sveitarfélaga um félags- og skólabjónustu í Þingeyjarsýslum. Um var að ræða tímabundið verkefni í ársbyrjun sem ráðinn var starfsmaður í (Soffía Helgadóttir) og settur á legg stýrihópur sem leiddi verkefnið. Verkefninu lauk vorið 2010 með útgáfu skýrslu og kynningu á niðurstöðum til sveitarfélaganna.

Þá var unnin lítil viðhorfsrannsókn á þörfum og væntingum eldri borgara í Mývatnssveit til þjónustu sveitarfélagsins Skútustaðahrepps.

Loks var upplýsinga aflað og uppkast unnið að texta í Árbók Þingeyinga fyrir sveitarfélagið Norðurþing.

Útseld verkefni	Samstarf/verkkaupi	Starfsmaður/umsjón
Sjálfbærni- og Norðurlandsverkefni	Alcoa, Landsvirkjun, Landsnet	Guðlaug Gísladóttir
Sjálfbærni- og Austurlandsverkefni	Alcoa, Landsvirkjun	Guðlaug Gísladóttir
NEED-verkefnið	Háskólasetrið á Höfn, alþjóðlegt samstarfsnet (Írland, Noregur, Finnland)	Óli Halldórsson
Félags- og skólabjónusta Norðurþings: úttekt á samstarfi sveitarfélaga um félags- og skólabjónustu	Norðurþing	Soffía Helgadóttir
Viðhorfskönnun fyrir eldri borgara í Skútustaðahreppi	Skútustaðahreppur	Aðalsteinn J. Halldórsson
Árbók Þingeyinga 2009. Söfnun efnis og ritstjórn kafla um Norðurþing	Norðurþing	Aðalsteinn J. Halldórsson

Rannsóknaverkefni háskólanema

Á árinu 2010 var eins og venja er leitað eftir samstarfi við háskólanema um rannsókn- og þróunarverkefni. Hvatningarpóstar voru sendir á póstlista þingeyskra háskólanema, auglýsingar birtar og annarra leiða leitað til að ná til þessa hóps og virkja til samstarfs. Eitt markmiðið er að efniviður slíkra verkefna tengist héraðinu og/eða þau skapi atvinnu fyrir háskólanema úr héraði.

Á árinu 2010 voru unnin fjögur verkefni af háskólanemum á vegum og/eða í samstarfi við Þekkingarnetið. Verkefnin voru fjármöggnuð úr Verkefnasjóði Þekkingarnetsins og með styrkjum frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.


Verkefni háskólanema	Umsjón/samstarf	Nemandi
Þistlar – Menningafræðilegur gagnagrunnur í Þistilfirði	ÞÞ (ÓH/AJH/GBJ)	Sunna Ragnarsdóttir B.A. nemi í líffræði
Fjölgar kreppan krónum? Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu á Húsavík við breyttar samfélagsaðstæður	ÞÞ (ÓH/AJH)	Andri Valur Ívarsson B.S. nemi í hagfræði
Aðferð til þess að meta hlutdeild vinnslunnar í lestrarvanda og námserfiðleikum	ÞÞ (ÓH/AJH)/Sigurgímur Skúlason	Friðgeir Andri Sverrisson B.A. nemi í sálfræði
Nýsköpun bænda í Þistilfirði: Viðtalsrannsókn við unga bændur	ÞÞ (ÓH/GBJ)	Hildur Ása Henrysdóttir B.A. nemi í sálfræði

ÚTGÁFA, KYNNING

Útgefið efni

Þekkingarnetið gaf út eftirfarandi skýrslur/greinargerðir/rit/námsefni á árinu 2010:

- Þekkingarnet Þingeyinga/Aðalsteinn J. Halldórsson
Viðhorfskönnun fyrir eldri borgara í Skútustaðahreppi
Lýsing:
Könnun sem gerð var meðal eldri borgara í Mývatnssveit um ýmisa kosti varðandi aðhlynningu og fleira í þeim dúr.
- Þekkingarnet Þingeyinga/Tinna Þórarinsdóttir.
Árbók Þingeyinga: fréttir úr héraði 1958-2008.
Lýsing:
Skýrslan er samantekt á helstu upplýsingum á tímabilinu 1956 til 2008. Sérstaklega er horft á þá þætti sem geta skýrt hvernig samfélagið hefur þróast á þessu tímabili, til dæmis íbúáþróun.
- Þekkingarnet Þingeyinga/Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Aðalsteinn J. Halldórsson
Viðhorfskönnun í Norðurþingi 2010 vegna sveitarstjórnarkosninga.
Lýsing:
Könnunin sýnir viðhorf kjósenda í Norðurþingi til þeirra lista sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum 2010. Einnig má sjá viðhorf til héraðsfréttamiðilsins Skarps og auglýsingamiðilsins Skránnar.



Þekkingarnetið gaf út bókina „Þistlar“ á árinu 2010. Um er að ræða afrakstur sumarrannsóknaverkefnis sem Sunna Ragnarsdóttir vann í samstarfi við þekkingarnetið. Sunna var starfsmaður á Menntasetrinu á Þórshöfn og safnaði saman sögnum og sögum úr Þistilfirði sem endaði með útgáfu bókarinnar. Hún er til sölu í Þekkingarsetrinu á Húsavík, Menntasetrinu á Þórshöfn og bókaverslunum.

- Þekkingarnet Þingeyinga/Aðalsteinn J. Halldórsson
Mannfjöldapróun á starfssvæði Þekkingarseturs Þingeyinga.
Lýsing:

Skýrslan er yfirlit yfir mannfjöldapróun á starfssvæði þekkingarnets Þingeyinga sem nær frá Vaðlaheiði í vestri til Bakkafjarðar í austri. Í skýrslunni kemur fram hvernig íbúafjöldi hefur breyst á tímabilinu 2002 - 2010 í einstökum sveitarfélögum og byggðakjörnum innan þeirra.

- Þekkingarnet Þingeyinga/Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Aðalsteinn J. Halldórsson

Búsetugæði á Norðausturlandi: Starfssvæði Þekkingarseturs Þingeyinga.

Lýsing:

Rannsóknin er unnin á árunum 2008 og 2009 með spurningakönnun sem send var til 1200 íbúa á starfssvæði þekkingarnets Þingeyinga hvort ár. Markmið hennar var að kalla fram viðhorf íbúa á starfssvæði þekkingarnets Þingeyinga til ýmissa samfélagsþátta, þjónustu og búsetuskilyrða. Rannsóknin fékk styrk úr Vaxtarsamning Norðausturlands.

Framsögur og fyrirlestrar

Á árinu 2010 stóð þekkingarsetrið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

- Húsavík, janúar 2010. Óli Halldórsson flutti erindi á fundi um þátttöku kvenna í stjórn málum. „Vill Stella í framboð – þátttaka þingeyskra kvenna í stjórn málum.“
- Húsavík, febrúar 2010. Helena Eydís Ingólfssdóttir flutti erindi fyrir starfsfólk Borgarhólsskóla. „Umverfismál og endurvinnsla“.
- Akureyri, mars 2010. Óli Halldórsson flutti erindi á vorþingi Akureyrarakademiunnar. „Rannsóknastarf í Þingeyjarsýslum – vettvangsvinna fyrir gesti eða atvinnuvegur í heimahéraði“.
- Húsavík, maí 2010. Helena Eydís Ingólfssdóttir flutti erindi á fundi hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga í tilefni af „European SME Week“. „Stuðningur við frumkvöðla, lífil og meðalstór fyrirtæki“.
- Kiðagil Bárðardal, september 2010. Óli Halldórsson flutti erindi á ráðsmiðju um fræðandi ferðaþjónustu. „Akademísk ferðaþjónusta – leiðin frá hugmynd til veruleika“.
- Húsavík, september 2010. Þekkingarnetið stóð fyrir opnum fyrirlestri í fyrirlestraröðinni „Tæpitungulaust“. Gunnar Þorsteinsson (í Krossinum) og Jónína Benediktsdóttir fjölluðu í sitt hvorum fyrirlestrinum um „líkama og sál – hugleiðingar um trúarleg málefni, andlega og líkamlega heilsu“.
- Akureyri, september 2010. Helena Eydís Ingólfssdóttir flutti erindi í málstofu á ráðstefnunni „Samræða milli skólastiga“. „Símenntun– Afl á nýrri öld?“
- Húsavík, október 2010. Þekkingarnetið stóð fyrir opnum fyrirlestri í fyrirlestraröðinni „Tæpitungulaust“. Valgerður Bjarnadóttir fjallaði um „Drauma í svefni og vöku“.
- Húsavík, desember 2010. Þekkingarnetið stóð fyrir opnum fyrirlestri í fyrirlestraröðinni „Tæpitungulaust“. Aðalsteinn J. Halldórsson fjallaði um þungarokk.
- Húsavík, desember 2010. Erla Dögg Ásgeirsdóttir flutti erindi á fundi ráðgjafa hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

- Starfsfólk þekkingarnetsins hélt fleiri framsögur og kynningar í héraði í tengslum við störf stofnunarinnar, t.a.m. inni á vinnustöðum og tengslum við almenna kynningu verkefna og þjónustu stofnunarinnar.



Þekkingarnetið setti af stað fyrirlestraröðina „Tæpitungulaust“ á árinu 2010 þar sem leitast er við að hafa mánaðarlega opna fyrirlestra um frumlegt efni og koma af stað áhugaverðum umræðum. Á myndinni er Gunnar Þorsteinsson (í Krossinum) að flytja erindi á Húsavík.

Þekkingarsetrið Starfsemi



á Húsavík

árið 2010



Þekkingarnet
Þingeyinga

Miðstöð símenntunar,
háskólanáms- og rannsóknna.

•Óli Halldórsson

MA umhverfisfræði, BA heimspeki, framh. sk. kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Aðalsteinn J. Halldórsson

MPA í opinberri stjórnsýslu, BA stjórnmálafræðingur
Verkefni: Sérfræðingur á rannsóknasviði



•Dóra Sigurbjörnsdóttir

Skrifstofuskóli frá ÞÞ
Verkefni: Húsumsjón og ræstingar



•Erla Dögg Ásgeirsdóttir

BA uppeldisfræði, dipl. náms- og starfsráðgjöf, M.A. nemi í náms- og starfsráðgjöf.
Verkefni: Náms- og starfsráðgjafi



•Gréta Bergrún Jóhannsdóttir

MA kynjafræði, BA fjölmíðlafræði
Verkefni: Verkefnastjóri í Menntasetrinu Þórshöfn



•Guðlaug Gísladóttir

MPM í verkefnastjórnun, BS, viðskiptafræði
Verkefni: Verkefnisstjóri á rannsóknasviði



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri/skólaritari VÍ
Verkefni: Skrifstofustjóri, afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



•Heiðrún Óladóttir

BEð kennari
Verkefni: Verkefnastjóri í Menntasetrinu á Þórshöfn.



•Helena Eydís Ingólfsdóttir

BEð kennari, MPA nemi í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Svíðstjóri á símenntunarsviði



•Ingibjörg Árnadóttir

BS viðskiptafræðingur
Verkefni: Tímabundin störf við kennslu o.fl. á símenntunarsviði.



•Signý Valdímarsdóttir

BA félagsráðgjafi
Verkefni: Tímabundin störf við kennslu o.fl. á símenntunarsviði.



Sumarstarfsfólk við rannsóknir

•Hildur Ása Henrysdóttir

BA nemi í nútímafræði við HA.
Verkefni: Nýsköpun ungra bænda í Þistilfirði



•Andri Valur Ívarsson

BA hagfræðingur, nemi í lögfræði.
Verkefni: Efnahagsleg áhrif hvalaskoðunar á Húsavík 2010



•Friðgeir Andri Sverrisson

BA nemi í sálfræði
Verkefni: Aðferð til að meta hlutdeild vinnslunninn í lestrarvanda og námsferfiðleikum



Náttúrustofa
Norðausturlands

Rannsóknastofnun á
sviði náttúrufræða.

•Þorkell Lindberg Þórarinnsson

MS/BS líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

BS líffræðingur
•Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknastofna, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

BS líffræðingur, kennari, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknir, fræðsla



•Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir

MS Umhverfisstjórnun, BS líffræðingur,
Verkefni: Sérfræðingur. Náttúruvernd og umhverfismál



•Yann Kolbeinsson

BS líffræðingur, MS nemi
Verkefni: Sérfræðingur. Fuglarannsóknir og -vöktun



Háskóli Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík á svíði sjávarspendýrafræða.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

•Marianne H. Rasmussen

PhD sjávarspendýralíffræði, cand.sc. líffræði
Verkefni: Forstöðumaður í fullu starfi



•Edda Elísabet Magnúsdóttir

PhD nemi í sjávarspendýralíffræði við H.Í.
Verkefni: Sérfræðingur/doktorsnemi í hlutastarfi



Auk starfsfólks Háskóla Íslands sem greint er frá að ofan starfa ár hvert námsmenn við rannsóknir í tímabundnum störfum. Ýmist er um að ræða íslenska og erlenda háskólanema, flesta í námi í sjávarlíffræði eða tengdum greinum.

Sumarið 2010 störfuðu 5 erlendir háskólanemar á Húsavík á vegum Háskóla Íslands bæði í eigin rannsóknaryrkefnum og við aðstoð í rannsóknum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Heilbrigðisfulltrúi í Þingeyjarsýslum
Mjólkurfræðingur



•Þorkell Björnsson

Staða: Heilbrigðisfulltrúi

•Sunna Björk Ragnarsdóttir

BS nemi í líffræði
Verkefni: „Þistlar“ - samantekt sagna og munnmæla úr Þistilfirði



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi námsfólks í símenntun og háskólafránamí innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmrí títma.